

Mál nr. 390/2016
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Vatnstjón við gufubaðsklefa í kjallara húss í september 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 24.11.2016.

Málsatvik.

Fasteign sú sem hér um ræður er í eigu M og kemur fram í málskoti að forsvarsmenn M dvelji mikið erlendis. Eftirlit sé haft með fasteigninni mánaðarlega, þar sem athugað er hvort ekki sé allt í lagi í húsinu. M segir að forsvarsmenn M hafi farið til útlanda í febrúar 2016 og engin búið í húsinu en móðir annars forsvarsmanns M hafi orðið vör við leka í september 2016 í gufubaðsklefa. M krefst bóta úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar sinnar hjá M á þeim grundvelli að lekið hafi frá sprinklörri sem var í klefanum, en það hafi komið í ljós eftir að allt hafi verið rífið út úr klefanum eftir að matsmaður frá V hafi skoðað vettvang og hafi sá aðili sem það gerði komist að raun um að og því mótmæla M niðurstöðu matsmanns V um ástæðu tjónsins.

V telur að krani sem stýrir rennsli/þrýstingi inn á úðarör í gufubaðsklefa hafi verið lítillaga opinn og dropað úr honum og þarna hafi lekið í nokkra mánuði. V hafnar bótaskyldu og bendir á 1. gr. vátryggingarskilmála t.l. c í undanskildar áhættur þar sem segir að tryggingin bæti ekki “Tjón sem hlýst af langvarandi raka eða vatnsleka”. V telur ljóst það tjón sem hér ræðir um hafi orðið vegna langvarandi raka og vatnsleka.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en vatnsleki og raki í gufubaðsklefa í húsnæði M hafi varað í töluverðan tíma. Með vísan til t.l.c í 1.gr. vátryggingarskilmála undir liðnum undanskildar áhættur þar sem ábyrgð V vegna langvarandi vatnsleka er undanskilin á M ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni vegna umrædds vatns- og rakatjóns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 20.12.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.